

**23. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins**  
**Haldinn í Ármúla 13, Akkur, föstudaginn, 6. desember 2024, kl. 08.30-10.00**

**Fundinn sátu:**

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir (teams), Rannveig Grétarsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

**Fundargerð ritaði:** Inga Hlín Pálsdóttir

**Dagskrá:**

- Fundargerð 1.nóvember 2024 (22. fundur)**  
Undirrituð og samþykkt.
- Góðir stjórnarhættir**  
Helga Hlín Hákonardóttir, frá Strategíu kom og fór yfir góða stjórnarhætti sérstaklega í tengslum við sjálfseignarstofnanir og samþykktir þessarar stofu. Mikilvægt að stjórn fari vel yfir stofnasamþykktir og hvernig samtalinu eigi að vera háttað. Gott m.a. að setja siðareglur.
- Yfirlit yfir stöðu og rekstur**  
Byrjað verður að undirbúa nýja samninga við sveitarfélögin í upphafi næsta árs. Íslenski vefurinn fyrir stofuna er í vinnslu en hægt að skoða hann og ánægja með útlitið á honum. Um 10 nýir aðildarfélagara hafa bæst við síðan á Ferðamálaþingi. Mikið um að vera í fjölmiðlafyrirspurnum ásamt áhrifavaldaferðum sem hafa gengið vel. Samfélagsmiðlar og vefurinn hefur gengið vonum framár á árinu. Þróunarverkefni á áætlun. Invest in Reykjavík verkefninu og tillögum hefur verið skilað til SSH. Útivistarvefurinn á síðustu metrunum.
- Nýr samningur við Ferðamálastofu og Íslandsstofu 2025-2027.**  
Nýr sameiginlegur samningur við Ferðamálastofu og Íslandsstofu kynntur. Fjármagn hækkar úr 22 milljónum í 26, 5 milljónir frá Ferðamálastofu (12,5% hækkun) og Íslandsstofu úr 1.950 þús í 2.5 mkr.(20.5%) hækkun. Samningurinn var samþykktur.
- Önnur mál**  
Rætt um dagsetningar stjórnarfunda á vorönn ásamt mögulegum dagsetningum fyrir vinnufund. Málið ekki klárað og tekið aftur á næsta fundi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.05.**